



Alþingi
Erindi nr. P 135/2798
komudagur 16.5.2008

SAMGÖNGUNEFND ALÞINGIS
ALÞINGI
150 – REYKJAVÍK

EFNI: Framkvæmdir á Öxi og í Berufjarðarbotni

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps hefur í gegnum Samband sveitarfélaga á Austurlandi borizt til umsagnar hefur borist tillaga til þingsályktunar um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun 2007 – 2010.

Sveitarstjórnin telur nauðsynlegt að koma neðangreindum ábendingum á framfæri við samgönguyfirvöld vegna aðkallandi framkvæmda við Axarveg og Þjóðveg nr. 1 í botni Berufjarðar.

Sveitarstjórnin leggur áherzlu á að framkvæmdir á Þjóðvegi 1 í botni Berufjarðar, sem eru á samgönguáætlun 2010 verði sameinaðar útboði vegna Axarvegar á næsta ári þ.e. árið 2009 og jafnhliða verði tryggt nægilegt fjármagn til verksins þannig að framkvæmdum um Berufjarðarbotn verði lokið á árinu 2011 á sama tíma og verklok vegna Axarvegar eru áætluð.

Sveitarstjórnin hefur borið málið m.a. undir samgönguráðherra, veghönnuði Vegagerðarinnar og fyrrverandi vegamálastjóra. Ber mönnum saman um að mikið sé unnið með því að fara í sameiginlegt útboð með þessi verk þar sem framkvæmdasvæðið liggur saman og fyrir liggur að fara í báðar þessar framkvæmdir eru á núgildandi áætlun.

M.a. er litið svo á að það yrði mikið hagræði fyrir verktaka vegna Axarvegar að hafa annað svæði til að vinna að á láglandi yfir vetrarmánuðina og þá eru framkvæmdir í Berufjarðarbotni vel til þess fallnar.

Fyrir liggur að fara á í báðar þessar framkvæmdir 2009 – 2010. Því er hér ekki verið að ræða um neinar viðbætur, heldur verið að tryggja að verkið í heild vinnist betur fyrir verktakann og ná með sameiginlegu útboði betri verðum í framkvæmdirnar, ekki sízt ríkissjóði til framdráttar.

Djúpavogi 16. maí 2008;

Sveitarstjóri

Djúpavogshreppur

Björn Hafþór Guðmundsson

Afrit:

Samgönguráðherra,
vegamálastjóri,
samgöngunefnd SSA

Djúpavogshreppur